

Reikningsskilaráð ríkisins

24. Fundur – 17. september 2018 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Ólafur Hjálmarsson.
- Forföll: Margrét Björk Svavarsdóttir boðaði forföll.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 23. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2017 - innleiðingaráætlun, reikningskil og skýringar.

Gert er ráð fyrir að ríkisreikningur liggja fyrir í september. Rætt var hversu ítarlegar skýringar eigi að vera í ríkisreikningi. Skoðað hvernig Austurríki setur fram upplýsingar um innleiðingu á IPSAS.

Reikningsskilaráð þarf að samþykkja innleiðingaráætlun. Þarf að samþykkja á næsta fundi 26. september. Samþykkt innleiðingaráætlun verður svo birt á vef ráðsins.

Einnig skoðað og rætt:

- Innleiðingaráætlun
 - Fyrstu drög að innleiðingaráætlun sem þarf að samþykkja á næsta fundi ráðsins.
 - Atriði á eftir að klára er m.a. hvernig er vilji til að setja þetta fram og umfjöllun um efnahags og rekstrarliði og tenging við staðla.
 - Hvar á að birta innleiðingaráætlun, samþykkt af reikningsskilaráði, birt með ríkisreikningi og einnig á heimasíðu reikningsskilaráðs.
- Ríkisreikningur
 - Áhrif á reikningskil við upptöku IPSAS – unnið að gerð skýringar.
 - Samanburðartölur – lagt til að ekki verði birtur samanburður við fjárlög og fjáráukalög á þeim forsendum að fjárlög séu ekki sett fram á sama grunni og reikningshald og því ekki samanburðarhæft. Samþykkt af reikningsskilaráði.
 - Meðhöndlun gengismunar/þýðingarmunar á félögum sem gera upp í erlendri mynt. Utanaðkomandi sérfræðingur að kanna málið, kynnt á næsta fundi.
 - Framsetning starfsþáttayfirlits – framsetning er í skoðun.
 - Reikningsskilaaðferðir – almenn umfjöllun sem ráðið fær á næsta fundi.
 - Áritun Ríkisendurskoðunar verður en ekki liggur fyrir með hvaða fyrirvörum.

Ákvörðun: Ekki birta samanburðartölur við fjárlög í rekstrarreikningi IPSAS, þar verði aðeins sýndar rauntölur.

3. Önnur mál.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur 26. september kl. 09:00